



Reykjavík, 28. október 2024  
VEL24090045

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### **Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um húsnæði fyrir áfangaheimilið Brú**

Á fundi velferðarráðs þann 3. október 2024 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Flokkur fólksins spyr hvort velferðarsvið geti ekki aðstoðað Samhjálp á einhvern hátt í leit að húsnæði fyrir áfangaheimilið Brú? Nýlega hefur Samhjálp sent ákall til Félagsbústaða til að minna á að enn vanti Samhjálp húsnæði fyrir áfangaheimilið Brú í stað húsnæðisins á Höfðabakka.*

#### **Svar:**

Í svari við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áfangaheimilið Brú við Stórhöfða sem lagt var fram á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 2024 kemur fram að Samhjálp hafði haft húsnæðið til umráða frá því að Félagsbústaðir hf. festu kaup á húseigninni árið 2005. Við gerð leigusamningsins árið 2021 var Samhjálp gert ljóst að ekki stæði til að endurnýja samninginn og töldu fulltrúar Samhjálp að leigutíminn, 2 ár, væri nægjanlegur til þess að finna starfseminni annað húsnæði. Félagsbústaðir hf. buðu Samhjálp að kaupa húsið miðað við ákveðnar forsendur en því var hafnað.

Samkvæmt upplýsingum Félagsbústaða hefur Samhjálp ekki óskað formlega eftir aðstoð við að finna annað húsnæði. Samhjálp hefur hins vegar verið að leita að öðru húsnæði sem hentað gæti sem áfangaheimili og hafa beðið um að þau séu höfð í huga frétti Félagsbústaðir af húsnæði sem hentað gæti fyrir áfangaheimili.